

**249. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4, mánudaginn 31. október 2022 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Halla Marta Árnadóttir, skipulagsfulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**1. 2204096 - Grenndarstöðvar - staðsetning**

Staðsetning grenndarstöðva á Akranesi.

*Björn Breiðfjörð Gíslason, sat undir þessum dagskrárlíð.*

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að hafin verði undirbúningur að grenndarstöðvum við Vesturgötu 27, Dalbraut 1, bílastæði við Jörundarholt og í framhaldinu verði horft til fleiri staðsetninga.*

*Horft verði til úrgangsflokka sem innihalda málma, gler, pappír, plast, textíl.*

**2. 2210059 - Jaðarsbakkar 1 skilti - fyrirspurn til byggingarfulltrúa**

Knattskyrnudeild ÍA er að óska eftir að setja upp skilti á stúkuna.

*Skipulags- og umhverfisráð getur ekki orðið við erindinu.*

**3. 2205011 - Deiliskipulag Skógarhverfi áf. 3A - Skógarlundur 4, breyting**

Umsókn um að breyta skipulagi Skógarhverfis áfanga 3A, vegna lóðar nr. 4 við Skógarlund. Breyting felst í að breyta nýtingarhlutfall lóðarinnar úr 0,35 í 0,39 og heimilt verður að að hluti byggingar verður á tveimur hæðum. Breytingin var grenndarkynnt frá 29. september til og með 29. október 2022. Engar athugasemdir bárust.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja breytinguna. Skipulagsbreytingin verði send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild stjórnartíðinda.*

**4. 2204191 - Deiliskipulag - Garðabraut 1**

Kynningargögn vegna áframhaldandi vinnu við gerð nýs deiliskipulags fyrir Garðabraut 1.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að haldinn verði kynningarfundur um gerð nýs deiliskipulag við Garðabraut 1.*

**5. 2210185 - Deiliskipulag Smiðjuvalla - fyrirspurn til skipulagsfulltrúa**




Fyrirspurn um heimild til að breyta deiliskipulagi á Smiðjuvöllum 12-18.

Skipulags- og umhverfiráð tekur jákvætt í fyrirspurnina. Fyrirspurn felst í að breyta deiliskipulagi á Smiðjuvöllum 12-22 úr atvinnu-, verslun- og þjónustuhúsnæði í íbúðar-, verslunar- og þjónustuhúsnæði. Byggingarmagn eykst úr 32.350 fm í 45.385 fm.

Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.**

  
Sædis Alexia Sigurmundsdóttir.  
